

Mættir á fundinn: Helgi Þorgils Friðjónsson, formaður Myndlistarráðs, Dagný Heiðdal, varaformaður (Listasafn Íslands), Hannes Sigurðsson (Listfræðafélag Íslands), Guðrún Erla Geirsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM). Auður Jörundsdóttir framkvæmdarstjóri KÍM og Klara Þórhallsdóttir verkefnastjóri KÍM ritar fundargerð.

Fundur settur kl. 8:40

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykkis.

Fundargerð samþykkt án athugasemdar og undirritaðar.

2. Nýtt umsóknarform fyrir seinni úthlutun kynnt og breytingar á heimasíðu.

Klara kynnti tillögu að breytingu á umsóknarkerfinu, færa umsóknarkerfið af heimasíðunni Myndlistarsjóðs yfir í tilbúið umsóknarkerfi hjá Origo.

Litið hefur verið til reynslu safnasjóðs af kerfinu sem lætur vel af því og möguleikar þess eru fleiri en í því gamla. Þjónustusamningur við Origo er hentugri- og ódýrari kostur en að halda úti umsóknarkerfinu í þeirri mynd sem það er í dag.

Rætt var um hvernig mætti laga umsóknarformið, gera það skýrara og markvissara fyrir umsækjendur. Hafa umsóknarform á íslensku og ensku, og laga leiðbeiningarnar á heimasíðunni.

Breytingarnar voru samþykktar og stefnt er að því að kerfið verið tilbúið fyrir næsta umsóknartímabil sem hefst 9.júlí.

3. Nýr vinnuhópur Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar

Hlynur og Auður segja frá nýjum vinnuhóp sem hefur verið stofnaður í kjölfar nýliðins ársfundar KÍM. Vinnuhópin skipa Auður Jörundsdóttir, framkvæmdarstjóri KÍM og Dorothee Kirch, formaður stjórnar KÍM auk valins gests af stjórn sem er Hlynur Helgason. Markmið vinnuhópsins er að styrkja starf KÍM ma. með því að rýna í innra starf KÍM og endurskoða stofnskrá, koma með tillögur að breytingum með það í huga hvernig best megi styðja við myndlistarstarfið á Íslandi. Á fyrsta fundi vinnuhópsins var rýnt í eiginlegt hlutverk miðstöðvarinnar og hver væru hennar helstu verkefni, ýmsar hugmyndir voru ræddar í kjölfarið.

#### 4. Önnur mál.

Rætt var um að auka við flokka á myndlistarverðlaununum, veita viðurkenningar til annarra flokka innan myndlistarstarfsins, t.m. sýning ársins, sýningarskrá eða útgáfa ársins, áhugaverðasta sýningin erlendis og einnig að velja heiðurslistamann fyrir langan og farsælan feril. Vel var tekið í þessa hugmynd og allir sammála um að þetta væri góð viðbót. Ákveðið var að byrja á að veita viðurkenningar fyrir sýningarskrá/útgáfu ársins og velja heiðurslistamann fyrir næstu verðlaunarafhendingu.

Einnig var rætt um að búa til merki (logo) fyrir myndlistarráð sem myndi auðvelda kynningu á t.d. myndlistarverðlaunum og myndlistarsjóð.

Næsti fundur mánudaginn 24 ágúst kl: 8:30.

Fundi slitið 10:00